

ÚRSKURÐUR ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 12/2011

Kæra N1 hf. á ákvörðun Neytendastofu [nr. 24/2011](#).

1. Þann 8. september 2011 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 12/2011: Kæra N1 hf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 24/2011 frá 9. júní 2011. Í málinu úrskurða Eiríkur Jónsson, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með kæru, dags. 4. júlí 2011, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 24/2011 frá 9. júní 2011. Þar komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn 17. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, og 3. og 4. gr. reglna um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar nr. 725/2008, með óviðunandi verðmerkingum í verslunum í Borgartúni, Bíldshöfða, Gagnvegi og Lækjargötu. Þá hefði fyrirtækið ekki farið að tilmælum Neytendastofu þess efnis að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf. Í ákvörðuninni var kæranda gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 200.000 innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar, með vísan til b- og c-liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005. Kærandi krefst þess að stjórnvaldssektin verði felld niður.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

MÁLAVEXTIR

4. Í ágúst 2010 fór starfsmaður Neytendastofu í 13 verslanir kæranda á höfuðborgarsvæðinu til að kanna ástand verðmerkinga. Niðurstöður athugunarinnar voru þær að í öllum tilvikum voru merkingar á bifreiðaeldsneyti í samræmi við reglur um verðmerkingar á bifreiðaeldsneyti nr. 385/2007 en í 11 verslunum kæranda voru gerðar athugasemdir við ástand verðmerkinga inni í verslun. Í fyrirliggjandi skjölum sem starfsmaður Neytendastofu fyllti út við athugunina er niðurstöðum og athugasemdum lýst og skjalið undirritað bæði fyrir hönd Neytendastofu og verslunarinnar. Fyrir ofan undirritun starfsmanna kæranda er að finna svohljóðandi texta: „Staðfesting á niðurstöðum skoðunar og móttöku bréfs um verðmerkingareftirlit Neytendastofu“. Í bréfinu sem þarna er vísað til, og starfsmaður Neytendastofu skildi eftir í verslununum, er meðal annars að finna upplýsingar um helstu reglur sem snerta verðmerkingar, auk þess sem tekið er fram að telji Neytendastofa ástæðu til að gera athugasemdir við ástand verðmerkinga muni stofnunin senda bréf þess efnis. Þar er einnig bent á að brot á lögum nr. 57/2005, og reglum settum með stoð í þeim, geti leitt til sekta samkvæmt IX. kafla laganna.
5. Í kjölfar framangreindra athuguna sendi Neytendastofa kæranda bréf, dags. 26. ágúst 2010. Þar kemur fram að 11. til 18. ágúst hafi stofnunin kannað hvort ástand verðmerkinga á

bensínafgreiðslustöðum á höfuðborgarsvæðinu væri í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2005, reglna nr. 725/2008 og reglna nr. 385/2007. Gerð hafi verið sérstök könnun á því hvort verð í hillu samræmist verði á kassa. Valdar hafi verið af handahófi tíu vörur í hverri verslun. Í bréfinu er niðurstöðum athugunarinnar á verslunum kæranda síðan nánar lýst í töflu. Þar sést m.a. að alls voru gerðar 17 athugasemdir í 11 verslunum, þar af voru 8 athugasemdir í 7 verslunum um að vara væri óverðmerkt. Í bréfinu er efni 17. gr. laga nr. 57/2005 og 3. og 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 725/2008 síðan rakið og tekið fram að samkvæmt því beri kæranda að verðmerkja allar vörur sínar svo augljóst sé fyrir neytendur hvert verð þeirra sé. Að endingu segir í bréfinu: „Neytendastofa beinir þeim eindregnu tilmælum til N1 að koma verðmerkingum á stöðinni í viðunandi horf. Neytendastofa fylgir könnuninni eftir með nýrri könnun og má N1 búast við því að tekin verði ákvörðun um sektir, skv. IX. kafla laga nr. 57/2005, verði ekki farið að tilmælum stofnunarinnar.“

6. Í september 2010 fór starfsmaður Neytendastofu aftur í þær verslanir kæranda sem gerðar voru athugasemdir við í framangreindri athugun. Niðurstaðan varð sú að bætt hefði verið úr ástandi verðmerkinga í 7 verslunum af 11. Hins vegar væru verðmerkingar í verslunum að Borgartúni, Bíldshöfða, Gagnvegi og Lækjargötu ófullnægjandi. Fyrir liggja samskonar skjöl og vegna áður nefndra athugana í ágúst mánuði 2010, sem einnig eru undirrituð af starfsmönnum kæranda. Í kjölfarið sendi Neytendastofa kæranda bréf, dags. 11. október 2010. Þar er vísað til kannananna sem gerðar voru í ágúst mánuði 2010 og bréfsins frá 26. ágúst 2010 og tekið fram að starfsmaður Neytendastofu hafi fylgt skoðuninni eftir í september 2010. Í þeirri skoðun hafi enn verið gerðar athugasemdir við verðmerkingar í verslunum kæranda að Borgartúni, Bíldshöfða, Gagnvegi og Lækjargötu.
7. Í Borgartúni hafi vantað verðmerkingar á kæli með orkudrykkjum og sólgleraugnastand auk þess sem gerð hafi verið athugasemd við samræmi á milli hillu og kassaverðs á einni vöru. Að Bíldshöfða hafi ávextir og hnetubar verið óverðmerkt auk þess sem gerð hafi verið athugasemd við samræmi á milli hillu og kassaverðs á einni vöru. Að Gagnvegi hafi vantað verðmerkingar á mest allt bakkelsi. Í Lækjargötu hafi kortastandur, nammibar, hnetubar og sælgæti á hlið nammibars verið óverðmerkt. Í lok bréfsins segir: „Óski N1 eftir að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin verður ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005 þurfa þær að hafa borist stofnuninni innan tíu daga frá dagsetningu þessa bréfs.“ Engar athugasemdir bárust Neytendastofu innan frestsins.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

8. Hinn 9. júní 2011 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun nr. 24/2011. Þar var sem fyrr segir komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn 17. gr. laga nr. 57/2005 og 3. og 4. gr. reglna nr. 725/2008, og stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 200.000 lögð á kæranda, með vísan til b- og c- liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005.
9. Í niðurstöðukafla ákvörðunarinnar er fyrst tekið fram að í málinu hafi kærandi ekki sinnt tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í verslunum sínum að Borgartúni,

Bíldshöfða, Gagnvegi og Lækjargötu í viðunandi horf. Þá er efni 17. gr. laga nr. 57/2005 rakið og tekið fram að samkvæmt ákvæðinu beri söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Næst er efni 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 725/2008 rakið ásamt ákvæðum 2. og 3. mgr. 3. gr. sömu reglna og tekið fram að samkvæmt ákvæðunum beri kæranda að verðmerkja allar söluvörur sínar og þær skuli vera réttar.

10. Í málinu hafi niðurstöður tveggja skoðana á ástandi verðmerkinga í verslunum kæranda að Borgartúni, Bíldshöfða, Gagnvegi og Lækjargötu verið þær að verðmerkingar væru ekki fullnægjandi. Í síðari skoðuninni hafi sérstaklega verið gerðar athugasemdir við að í verslun að Borgartúni hafi vantað verðmerkingar á kæli með orkudrykkjum og sólgleraugnastand auk þess sem gerð hafi verið athugasemd við samræmi á milli hillu- og kassaverðs á einni vöru. Í versluninni að Bíldshöfða hafi ávextir og hnetubar verið óverðmerkt auk þess sem gerð hafi verið athugasemd við samræmi á milli hillu og kassaverðs á einni vöru. Í versluninni að Gagnvegi hafi vantað verðmerkingar á mest allt bakkelsi. Í versluninni að Lækjargötu hafi kortastandur, nammibar, hnetubar og sælgæti á hlið nammibars verið óverðmerkt. Slíkt telji Neytendastofa óviðunandi og brjóti gegn framamkvæmdum ákvæðum laga nr. 57/2005 og reglna nr. 725/2008. Eftir fyrri skoðun Neytendastofu hafi þeim tilmælum verið beint til kæranda að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Það hafi ekki verið gert í umræddum verslunum og því telji Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimili.
11. Í ákvörðuninni eru ákvæði b- og c- liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 loks rakin og tekið fram að með vísan til alls framangreinds, fjölda þeirra athugasemda sem gerðar hafi verið við verðmerkingar í verslunum kæranda og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnisýslulaga og jafnréttissjónarmiða, þyki Neytendastofu hæfilegt að leggja stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 200.000 á kæranda. Sektina skuli greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

12. Í kæru, dags. 4. júlí 2011, er fyrst tekið fram að höfuðstöðvar kæranda á Dalvegi 10-14 hafi mótttekið bréf Neytendastofu, dags. 26. ágúst 2010, sem hafi skýrlega greint frá athugasemdum fulltrúa Neytendastofu. Í framhaldinu hafi öllum starfsstöðvum kæranda sem athugasemdir hafi verið gerðar við verið sendar athugasemdir til úrlausnar í tilkynningakerfi kæranda. Af síðari skoðun Neytendastofu verði ekki betur séð en að lagfæringarnar hafi verið gerðar. Í hinni kærðu ákvörðun sé vitnað til bréfs Neytendastofu, dags. 11. október 2010. Fulltrúar kæranda í höfuðstöðvum á Dalvegi 10-14 kannist ekki við að hafa fengið umrætt bréf í hendur til að bregðast við því. Kærandi fagni öllum athugasemdum til að bæta sína starfsemi og þyki miður að réttir aðilar hafi ekki fengið bréfið í hendur til að fylgja málinu eftir. Hingað til hafi flest bréf Neytendastofu borist til gæðastjóra kæranda með einum eða öðrum hætti en gæðastjóri kæranda kannist ekki við að hafa mótttekið umrætt bréf.
13. Í kærinni eru síðan gerðar athugasemdir við þær athugunarskýrslur Neytendastofu sem vísað sé til í hinni kærðu ákvörðun. Ekki sé samræmi á milli úttekta í ágúst og í september þar sem ekki

virðist vera athugaðar sömu vörur. Kærandi rekur þannig að athugasemdirnar vegna verslunarinnar að Gagnvegi hinn 11. ágúst 2010 hafi lotið að því að bakkelsi og smádót við kassa væri ómerkt, og að gulur klútur og Philips ljósapera væru dýrari á kassa. Athugasemdirnar vegna sömu verslunar 23. september 2010 hafi hins vegar verið: „ómerkt súkklaðibitakaka, Dumle og Págan snúðar. Vantar verð í íspinnafrysti og á flest bakkelsi. Verðmiðaprentari bilaður“. Kærandi vísar einnig með svipuðum hætti að athugunum Neytendastofu í verslunum að Bíldshöfða, Lækjargötu og Borgartúni og tekur fram að eins og sjáist af skýrslunum hafi komið upp nýjar athugasemdir í september og hin kærða ákvörðun virðist að mestu leyti byggja á þeim niðurstöðum. Í samtölum gæðastjóra kæranda við þá aðila sem undirritað hafi skýrslur Neytendastofu fyrir hönd kæranda segist þeir hafa brugðist strax við athugasemdum en í sumum tilfellum hafi þeir ekki komið auga á athugasemdir sem þeir kvittuðu fyrir. Starfsstöðvar eigi að bregðast strax við sjálfar en þar sem áðurgreint bréf Neytendastofu, dags. 11. október 2010, hafi ekki borist réttum aðilum hjá kæranda að Dalvegi 10-14 hafi ekki verið unnt að bregðast við nýjum athugasemdum með markvissum hætti eins og gert hafi verið eftir bréf Neytendastofu, dags. 26. ágúst 2010.

14. Í kærinni segir síðan að til upplýsingar sé rétt að greina frá því hvernig verðmerkingum hjá kæranda sé háttað. Vörustjóri sendi verðbreytingar í tölvupósti til allra stöðva. Stöðvarnar prenti út nýja verðmiða og merki hjá sér. Eins og sjáist í úttekt hafi ein og ein vara verið óverðmerkt. Ástæður þess geti m.a. verið að vara hafi verið færð til í hillu og láðst að færa verðmiða með. Önnur ástæða geti verið að þegar vöru vanti sé verðmiða snúið við og það komi fyrir að við áfyllingu gleymist að snúa miðum strax við. Vörustjórar sendi í pósti eða fari með á staðinn verðmerkingarskilti, t.d. fyrir bakkelsi, ávexti og fleira og stilli upp. Samkvæmt úttektum virðist þau ekki alltaf hafa verið greinileg. Til dæmis geti verið að verðskilti hafi tilfallandi verið færð úr stað, t.d. vegna þrifa eða áfyllingar. Einnig geti verðskilti dottið á hliðina og séu þá ekki sýnileg fyrir en þau hafa verið rétt við aftur.
15. Í framhaldi af hinni kærðu ákvörðun hafi verið sendur póstur á allar stöðvar þar sem ítrekað hafi verið mikilvægi verðmerkinga, greint frá ákvörðuninni og uppfærslu á verðbreytingum. Einnig hafi verið sendar út að nýju verðmerkingar til að tryggja að engin starfsstöð væri án samræmda verðmerkinga, hafi hún einhverra hluta vegna glatast. Til að verðmerkingar á hnetu- og nammibar haldist betur hafi verið útbúnir límmiðar og sendir út á allar starfsstöðvar í framhaldinu. Það sé hagsmunamál allra að verðmerkingar séu réttar og kærandi leggi ríka áherslu á að þær séu réttar á hverjum tíma. Allar starfsstöðvar kæranda hafi, í framhaldi af hinni kærðu ákvörðun, fengið skýr fyrirmæli um að undirrita ekki athugasemdaskýrslur Neytendastofu fyrir en fulltrúi Neytendastofu og kæranda hafi farið yfir þær sameiginlega, til að sameiginlegur skilningur sé á athugasemdum. Ómögulegt sé að leiðrétta athugasemdir sem starfsmenn kæranda komi ekki auga á eins og greint hafi verið frá að framan. Kærandi harmi að til þessa sé komið en til að hægt sé að segja að engar úrbætur hafi átt sér stað telji kærandi að það verði að bera saman sömu vöruliði.
16. Í lok kærðu segir loks að kærandi óski eftir því við áfrýjunarnefnd neytendamála að stjórnvaldssekt Neytendastofu verði felld niður þar sem úrbætur á athugasemdum frá ágústskýrslu Neytendastofu hafi klárlega verið gerðar, ekki hafi verið bornar saman sömu vörur milli úttekta og kæranda hafi

ekki borist írekunarbréf, dags. 11. október 2010, og þar af leiðandi hvorki haft tök á að svara Neytendastofu né bregðast við athugasemdum með samræmdum aðgerðum.

17. Með bréfi, dags. 18. júlí 2011, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 3. ágúst 2011, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Neytendastofa tekur fram að skylda til verðmerkinga á vörum og þjónustu sé afdráttarlaus og ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005 og reglna nr. 725/2008 séu skýr þar um. Tilvísun kæranda til þess að fulltrúum hans hafi ekki borist bréf Neytendastofu, dags. 11. október 2010, telji stofnunin ekki hafa áhrif á niðurstöðu málsins. Bréfið hafi verið sent kæranda, stílað á pósthöfn hans. Neytendastofa hafi áður sent bréf á sama pósthöfn án þess að vandamál hafi komið upp varðandi afhendingu þeirra. Bréfið hafi ekki verið endursent stofnuninni. Hjá Póstinum sé vinnuregla að finnist móttakandi bréfa ekki séu bréf endursend og komi þá fram á umslögum Neytendastofu ósk um að bréf endursendist við sömu aðstæður. Neytendastofa geti ekki borið ábyrgð á því ef póstur kemst ekki á rétta staði innan fyrirtækja. Einnig hafi starfsmenn kæranda staðfest athugasemdir Neytendastofu í skoðunarskýrslum og móttakið bréf sem skilið hafi verið eftir í hinni seinni skoðun dagana 23. og 24. september 2010.
18. Vegna tilvísunar kæranda til þess að Neytendastofa hafi ekki borið saman sömu vörur milli skoðana tekur Neytendastofa fram að athuganir stofnunarinnar í verslunum fari þannig fram að annars vegar kanni starfsmaður stofnunarinnar almennt ástand verðmerkinga, þ.e. hvort söluvörur séu verðmerktar. Í verslunum bensínafgreiðslustöðva séu þá oft sérstaklega skoðaðar vörur sem stofnuninni hafi borist kvartanir um að séu ekki verðmerktar, t.d. vörur í kælum, bakkelsi, sælgætisbarir o.þ.h. Ef áberandi sé að verðmerkingum sé ábótavant séu athugasemdir gerðar við slíkt. Hins vegar séu valdar af handahófi tíu vörur og athugað hvort þær séu verðmerktar og hvort hilluverðmerking sé í samræmi við verð á kassa. Sú aðferð sé nauðsynleg til að meta ástand verðmerkinga í verslunum þar sem notaður sé skanni við afgreiðslu. Vöruúrval í verslunum bensínafgreiðslustöðva sé jafnan nokkuð mikið og því ómögulegt að skoða verðmerkingar á öllum vörum heldur séu vörur skoðaðar af handahófi. Reynt sé að hafa úrtakið með þeim hætti að það gefi rétta mynd af ástandi verðmerkinga almennt í versluninni. Eðli málsins samkvæmt sé oft vandkvæðum bundið að skoða nákvæmlega sömu vörur aftur þar sem vöruúrval og verð breytist ört hjá verslunum. Ætli verslun að bæta úr ástandi verðmerkinga eingöngu með hliðsjón af athugasemdum sem þannig séu til komnar sé óhjákvæmilegt að þær úrbætur verði einnig handahófskenndar og nái ekki til allra verðmerkinga sem þurfi að bæta.
19. Neytendastofa tekur fram að framangreind lög og reglur kveði á um að seljendum beri að verðmerkja vörur þar sem þær séu til sýnis neytendum. Að hafa vörur óverðmerktar telji stofnunin skýrt brot á framangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005 sem og reglum nr. 725/2008, einkum 1. mgr. 3. gr. Vegna þessa telji Neytendastofa að seljendur verði að gera ráðstafanir til að verðmerkingar séu í lagi. Neytendastofa vekur athygli á því að kærandi hafi ekki gert athugasemdir þegar starfsmaður stofnunarinnar kom í verslanir bensínafgreiðslustöðva kæranda. Einnig hafi kæranda verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum við bréf Neytendastofu, dags. 26. ágúst

og 11. október 2010, en hann látið slíkt ógert. Að öðru leyti vísi Neytendastofa til hinnar kærðu ákvörðunar.

20. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 5. ágúst 2011, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Svar barst með bréfi, dags. 18. ágúst 2011. Þar er fyrst tekið fram, vegna tilvísunar Neytendastofu til þess að starfsmenn kæranda hafi staðfest skoðunarskýrslu, að kærandi vilji ítreka að það hafi ekki verið stjórnendur sem móttóku eða kvittuðu upp á skoðunarskýrslunar. Því hafi verklagi á stöðvum kæranda verið breytt með þeim hætti að eingöngu stöðvarstjórar hafi heimild til að undirrita skýrslur og geti brugðist við þeim eins og eigi að gera.
21. Í bréfi kæranda er næst tekið fram að Neytendastofa bendi á í greinargerð sinni að eðli málsins samkvæmt sé oft vandkvæðum bundið að skoða nákvæmlega sömu vörur aftur þar sem vöruúrval og verð breytist ört hjá verslunum. Kærandi geti ekki fallist á að engar úrbætur hafi orðið þegar Neytendastofa treysti sér ekki til að kanna áður útteknar vörur, heldur finni til nýjar. Með því sé kærandi ekki að segja að eingöngu eigi að bæta úr þeim vörum sem skoðaðar hafi verið. Kærandi taki heilshugar undir með Neytendastofu um að skýrt sé kveðið á um það í lögum að verðmerkja eigi allar vörur. Í fyrra bréfi kæranda hafi hann enda gert ítarlega grein fyrir ferli verðmerkinga hjá sér. Það sé jafn mikið hagsmunamál fyrir kæranda að vörur séu verðmerktar eins og fyrir viðskiptavin, því fæstir kaupir óverðmerkta vöru. Því hafi kærandi ávallt lagt ríka áhersla á að allar vörur séu verðmerktar og að rétt verðmerking sé á öllum útsölustöðum kæranda. Skipti þá engu hvort útsölastaðurinn hafi 4.000 eða 10.000 vörunúmer, ferlið sé ávallt eins. Hins vegar geti kærandi fallist á að greiða sekt sem nemi 50.000 vegna stöðvar á Gagnvegi sökum þess að þar hafi verðmiðaprentari verið bilaður, sem torveldi verðuppfærslur.

NIÐURSTAÐA

22. Mál þetta lýtur að ákvörðun Neytendastofu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn lögum nr. 57/2005 og reglum nr. 725/2008 með óviðunandi verðmerkingum í fjórum verslunum hans og stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 200.000 lögð á hann vegna þess. Ákvörðunin kom til í kjölfar tveggja athugana fulltrúa Neytendastofu í umræddum verslunum þar sem niðurstaðan í báðum tilvikum varð sú að verðmerkingar væru ófullnægjandi. Kærandi byggir á því að úrbætur hafi skýrlega verið gerðar í kjölfar fyrri athugunarinnar, að ekki hafi verið bornar saman sömu vörur í fyrri og síðari athuguninni og að kæranda hafi ekki borist fyrirbyggjandi bréf Neytendastofu, dags. 11. október 2010, í kjölfar síðari athugunarinnar.
23. Í málinu liggja fyrir skjöl vegna umræddra athugana Neytendastofu, sem undirrituð eru jafnt af fulltrúum stofnunarinnar sem og kæranda. Bera þau með sér að verðmerkingar voru ekki í samræmi við lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 og reglur um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar nr. 725/2008 þegar athuganir Neytendastofu voru gerðar. Virðist raunar óumdeilt í málinu að svo sé en álitaefnið hins vegar hvort framangreind sjónarmið kæranda leiði til þess að fella beri niður eða lækka þá stjórnvaldssekt sem Neytendastofa lagði á af þessu tilefni.

24. Kærandi vísar í fyrsta lagi til þess að úrbætur hafi skýrlega verið gerðar í kjölfar fyrri athugunar Neytendastofu. Á slíku virðist enginn vafi leika, enda bera fyrirbyggjandi gögn með sér að í síðari athugun Neytendastofu voru aðeins gerðar athugasemdir við 4 verslanir kæranda í stað 11 áður. Slíkt getur hins vegar ekki breytt því að eftir sem áður fól ástand verðmerkinga í umræddum 4 verslunum í sér brot gegn áðurgreindum ákvæðum. Áfrýjunarnefnd neytendamála telur að við þær aðstæður hafi rúmast fyllilega innan meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að leggja á þá stjórnvaldssekt sem Neytendastofa gerði, enda hafði kærandi áður fengið tækifæri til að koma ástandi verðmerkinga í verslununum í rétt horf þegar sektin var lögð á.
25. Kærandi vísar í öðru lagi til þess að ekki hafi verið bornar saman sömu vörur í fyrri og síðari athuguninni. Í því sambandi tekur áfrýjunarnefnd neytendamála fram að það er á engan hátt skilyrði samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/2005 eða reglna nr. 725/2008 að Neytendastofa framkvæmi tvær athuganir á nákvæmlega sömu vörum áður en til stjórnvaldssekta vegna skorts á verðmerkingum getur komið. Neytendastofa verður hins vegar líkt og endranær að gæta að reglum stjórnsýsluréttar við töku ákvarðana sinna, þar á meðal um meðalhóf. Það brýtur ekki í bága við slíkar reglur þótt vörurnar sem athugaðar voru í fyrra og síðara skiptið hafi ekki fyllilega verið hinar sömu. Í 17. gr. laga nr. 57/2005 felst fortakslaus skylda til að merkja vöru með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustað að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Sú aðferð Neytendastofu, að velja vörur af handahófi til athugunar, miðaði að því að kanna hvort þessari skyldu væri sinnt. Þegar í ljós kom að svo var ekki í umræddum verslunum, þrátt fyrir að kæranda hefði áður verið gefið tækifæri til að koma verðmerkingum þar í rétt horf, var í fullu samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar að leggja sektina á. Í því sambandi skal og tekið fram að samskipti Neytendastofu við kæranda gáfu með engum hætti til kynna að kæranda nægði að bæta aðeins úr merkingum á þeim vörum sem sérstaklega höfðu verið gerðar athugasemdir við, enda færi slíkt illa saman við hina almennu og fortakslausu skyldu samkvæmt lögunum.
26. Kærandi vísar í þriðja lagi til þess að honum hafi ekki borist fyrirbyggjandi bréf Neytendastofu, dags. 11. október 2010, í kjölfar síðari athugunarinnar. Bréfið var sent með samskonar hætti og bréfið til kæranda frá 26. ágúst 2011 og stílað með almennum hætti á N1 hf., Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi. Óumdeilt er að fyrra bréfið barst kæranda og Neytendastofa fullyrðir að síðara bréfið hafi verið sent honum og ekki verið endursent stofnuninni, en það sé vinnuregla hjá Póstinum að bréf séu endursend þegar móttakandi finnst ekki og fyrirmæli um endursendingu séu á bréfsefni Neytendastofu. Eins og málinu og fyrirbyggjandi gögnum er háttað telur áfrýjunarnefnd neytendamála annað ófært en að leggja til grundvallar að bréfið hafi verið sent til kæranda og það borist fyrirtækinu. Hafi bréfið hins vegar ekki borist til réttara aðila innan fyrirtækisins verður það að vera á ábyrgð kæranda, enda sendi Neytendastofa það með forsvaranlegum hætti. Ekki er því þörf á að taka sjónarmið kæranda að þessu leyti til frekari athugunar.
27. Samkvæmt framangreindu geta sjónarmið kæranda ekki orðið til þess að hinni kærðu ákvörðun verði breytt. Telja verður stjórnvaldssektina sem þar var lögð á mjög hóflega þegar litið er til þeirra marka sem sett eru fram í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, sektarfjárhæða í öðrum svipuðum málum og þeirrar staðreyndar að um brot var að ræða í fjórum verslunum kæranda.

Sektin rúmast því fyllilega innan meðalhófsreglu stjórnsýslurétttar og ekki efni til annars en að staðfesta hana.

28. Samkvæmt öllu framansögðu ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Eiríkur Jónsson

Egill Heiðar Gíslason

Eyvindur G. Gunnarsson